

## REGLUGERÐ

nr. 659/2000

### um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum, með áorðnum breytingum.

sbr. rg. 597/2004

1. gr.

#### *Markmið.*

Markmiðið með þessari reglugerð er að auka öryggi og líkur á björgun farþega og áhafnar á íslenskum farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum innan EES-svæðisins og farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum á Íslandi og að tryggja að staðið verði á skilvirkari hátt að leit og björgun og eftirmálum slysa sem kunna að bera að höndum.

2. gr.

#### *Skilgreiningar.*

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) *einstaklingar* eru allir um borð, óháð aldri;
- b) *farþegaskip* er hafskip eða háhraðafar sem getur flutt fleiri en tólf farþega;
- c) [*háhraðafar* er háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla alþjóðasamnings um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS) samkvæmt nýjustu útgáfu hans;]<sup>1</sup>
- d) *fyrirtæki* er eigandi farþegaskips eða annar aðili, t.d. framkvæmdastjóri eða leigutaki þurrleiguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið ábyrgð á rekstri farþegaskips frá eiganda;
- e) *ISM-kóði* er alþjóðlegur kóði um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, samþykktur af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993;
- f) *umsjónarmaður farþegaskráningar* er einstaklingur í landi sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um að ákvæðum ISM-kóðans sé fullnægt eða einstaklingur í landi sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um vörslu upplýsinga um einstaklinga sem stíga um borð í farþegaskip fyrirtækisins;
- g) *sjómíla* er 1.852 metrar;
- h) *skýlt hafsvæði* er hafsvæði í skjóli fyrir áhrifum frá opnu hafi, þar sem skip er aldrei meira en sex sjómíllur frá vari þar sem skipreika einstaklingar kæmst í land og þar sem nálægð við leitar- og björgunarþjónustu er tryggð;
- i) *reglubundnar áætlunarferðir* eru siglingar skips milli tveggja eða fleiri staða, annaðhvort:
  - a) samkvæmt áætlun, eða
  - b) með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða;
- j) *þriðja land* er hvert það land sem er ekki EES-ríki; og
- k) *SOLAS* er alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu, 1974.

---

<sup>1</sup> Rg. 597/2004, 1. gr.

3. gr.

*Gildissvið.*

Þessi reglugerð gildir um farþegaskip, að undanskildum:

- a) herskipum,
- b) lystisnekkjum, nema á þeim sé eða muni verða áhöfn og þær flytji fleiri en tólf farþega í atvinnuskyni.

4. gr.

*Talning einstaklinga.*

Telja skal alla einstaklinga um borð í sérhverju farþegaskipi, sem lætur úr höfn á Íslandi og um borð í sérhverju íslensku farþegaskipi sem lætur úr höfn í öðru EES-ríki fyrir brottför skipsins.

Fyrir brottför skipsins skal tilkynna skipstjóra farþegaskipsins og umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins eða kerfi á vegum fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, um fjölda einstaklinga um borð.

5. gr.

*Skráningarskyldar upplýsingar.*

Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir sérhvert farþegaskip sem lætur úr höfn á Íslandi og sérhvert íslenskt farþegaskip sem leggur úr höfn í öðru EES-ríki og leggur upp í lengri ferð en tuttugu sjómílar frá brottfararstað:

- a) nöfn allra einstaklinga um borð,
- b) kyn þeirra,
- c) hvaða aldursflokki (fullorðinn, barn eða ungbarn) þeir tilheyra eða aldur eða fæðingarár,
- d) upplýsingar um hvort viðkomandi þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, ef farþegi býður þær sjálfviljugur.

Þessum upplýsingum skal safnað fyrir brottför og þær sendar umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins eða kerfi fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir brottför.

6. gr.

*Ábyrgð fyrirtækis.*

Fyrirtæki sem rekur farþegaskip sem siglir undir íslenskum fána og lætur úr höfn utan EES-svæðisins og stefnir til hafnar innan EES-svæðisins, skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., séu látnar í té eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.

Fyrirtæki sem rekur farþegaskip sem siglir undir fána þriðja lands og lætur úr höfn utan EES-svæðisins og stefnir til hafnar á Íslandi, skal sjá til þess að upplýsingunum, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., sé safnað saman og þær varðveittar svo þær séu fyrir hendi fyrir Landhelgisgæslu Íslands ef þörf er á til leitar og björgunar og vegna eftirmála slyss.

Siglingastofnun er aðeins heimilt að veita skipi, sem siglir undir íslenskum fána og kemur til hafnar innan EES-svæðisins frá höfn utan EES-svæðisins, undanþágu, að því er varðar upplýsingar um farþega samkvæmt viðeigandi ákvæðum SOLAS-samningsins, í samræmi við skilyrðin um undanþágur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

7. gr.

*Hámarksfjöldi einstaklinga.*

Fyrir brottför farþegaskips, sem lætur úr höfn á Íslandi, svo og farþegaskips, sem siglir undir íslenskum fána frá erlendri höfn, skal skipstjóri sjá til þess að fjöldi einstaklinga um borð sé ekki meiri en sá fjöldi sem farþegaskipið hefur heimild til að flytja.

8. gr.

*Skráningarkerfi.*

Hvert það fyrirtæki sem gerir út farþegaskip skal, þar sem þess er krafist samkvæmt 4. og 5. gr.:

- a) setja upp kerfi til skráningar á upplýsingum um farþega. Kerfið skal uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 11. gr.,
- b) skipa umsjónarmann farþegaskráningar til að annast vörslu og afhendingu þessara upplýsinga ef neyðartilvik ber að höndum eða vegna eftirmála í kjölfar slyss.

Fyrirtækið skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð, séu ætíð aðgengilegar fyrir Landhelgisgæslu Íslands til leitar og björgunar ef neyðartilvik ber að höndum eða vegna eftirmála í kjölfar slyss.

Persónulegar upplýsingar, sem teknar eru saman í samræmi við 5. gr., skulu ekki geymdar lengur en nauðsynlegt er til að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fullnægt.

Fyrirtækið skal tryggja að upplýsingar um einstaklinga, sem látið hafa í ljós að þeir þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, séu skráðar með tilhlýðilegum hætti og tilkynntar skipstjóra fyrir brottför farþegaskipsins.

9. gr.

*Undanþágur.*

Siglingastofnun er heimilt að veita farþegaskipum, sem fara áætluðarferðir á skýldum hafsvæðum eingöngu og taka innan við klukkustund milli hafna, undanþágu frá þeirri skyldu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr., að tilkynna umsjónarmanni farþegaskráningar eða kerfi fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, um fjölda einstaklinga um borð.

Siglingastofnun er heimilt að veita farþegaskipum, sem sigla á skýldum hafsvæðum eingöngu milli tveggja hafna eða sem láta úr og leggjast við sömu höfn án viðkomu á leiðinni, undanþágu frá þeirri kvöð sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Hvað varðar áætlunarsiglingar á svæði þar sem minna en 10% líkur eru á því miðað við ár að ölduhæð verði meiri en tveir metrar, og

- a) ef ferðin er ekki lengri en u.þ.b. þrjátíu sjómíllur frá brottfararstað, eða
- b) þar sem meginmarkmið þjónustunnar er að halda uppi reglubundnum, hefðbundnum tengslum við afskekktar byggðir,

er heimilt að veita undanþágu, algjöra eða að hluta til, frá þessari kröfu, ef skráning upplýsinganna, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 5. gr., er óframkvæmanleg fyrir fyrirtækin.

Í þessu skyni skal leggja fram sannanir fyrir því að skráning sé ógerleg. Auk þess skal sýna fram á að á svæðinu, þar sem slík skip eru gerð út, sé fyrir hendi siglingaleiðsögubúnaður í landi og áreiðanlegar veðurspár, auk viðeigandi og fullnægjandi leitar- og björgunarbúnaðar. Undanþágur, sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein, mega ekki hamla samkeppni.

Óheimilt er að veita undanþágu neinu því farþegaskipi sem siglir frá höfn á Íslandi undir fána þriðja lands sem er samningsaðili að SOLAS-samningnum og það land samþykkir ekki beitingu slíkra undanþágna samkvæmt þeim samningi.

10. gr.

*Viðurkenning skráningarkerfis.*

Þau skráningarkerfi sem sett verða upp í samræmi við 8. gr. skulu samþykkt af Siglingastofnun Íslands eða lögbærum stjórnvöldum annars EES-ríkis.

Siglingastofnun skal að minnsta kosti gera slembiathuganir til að ganga úr skugga um að skráningarkerfin, sem sett eru upp samkvæmt reglugerð þessari, starfi eðlilega.

Upplýsingar skv. 8. gr. skulu aðgengilegar Landhelgisgæslu Íslands.

11. gr.

*Notagildi skráningarkerfis.*

Að því er reglugerð þessa varðar skal skráningarkerfi fullnægja eftirfarandi viðmiðunum um notagildi:

- a) læsileiki: upplýsingarnar, sem krafist er, verða að vera auðlesnar,
- b) tiltækileiki: Landhelgisgæsla Íslands verður að hafa greiðan aðgang að upplýsingunum sem krafist er,
- c) einföldun formsatriða: kerfið skal þannig hannað að það valdi farþegum, sem stíga um borð og/eða frá borði, ekki ónauðsynlegum tölum,
- d) öryggi: vernda skal upplýsingarnar á tilhlýðilegan hátt gegn eyðileggingu eða tjóni, af slysi eða á ólögmatan hátt, auk þess að koma í veg fyrir að þeim verði breytt, þær birtar eða veittar aðgangur að þeim í heimildarleysi.

Forðast skal að mörg kerfi séu rekin á sömu eða svipuðum leiðum.

12. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt 29. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum.

13. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 35/1993, um eftirlit með skipum, sbr. 4. gr. laga nr. 62/1993 og með hliðsjón af tilskipun ráðsins nr. 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins, öðlast þegar gildi. Ákvæði 5. gr. um skráningarskyldar upplýsingar tekur gildi 1. nóvember 2000.

[Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari er innleidd breyting á tilskipun ráðsins nr. 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins skv. 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/84 frá 5. nóvember 2002 sbr. ákvörðun EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka við EES-samninginn nr. 178/2003, sem birtist í EES-viðbæti nr. 15 þann 25. mars 2004, bls. 16.]<sup>2</sup>

*Samgönguráðuneytinu, 30. ágúst 2000.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

<sup>2</sup> Rg. 597/2004, 2. gr.